

67. kirkjuþing 2025-2026

14. mál – þskj. 14b

Nefndarálit og þingsályktun

við tillögu til þingsályktunar um skipun starfshóps um athugun á tilgangi og hlutverki aðgerðateymis þjóðkirkjunnar og úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar.

Frá allsherjarnefnd.

Frsm: Benjamín Hrafn Böðvarsson.

Allsherjarnefnd hefur fjallað um málið. Með hliðsjón af nefndaráliti löggjafarnefndar á þskj. 7b leggur allsherjarnefnd til að skipaður verði einn starfshópur sem fjalli um tillögur í 7., 15. og 16. málum 67. kirkjuþings svo og tillögu í þessu máli.

Nefndin leggur því til að kirkjuþing samþykki svofellda

þ i n g s á l y k t u n:

Kirkjuþing 2025-2026 samþykkir að skipa starfshóp þriggja manna sem fari yfir hlutverk og tilgang aðgerðateymis þjóðkirkjunnar og úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar. Starfshópurinn leggi mat á hvort tilefni sé til að endurskoða stjórnkerfi kirkjunnar hvað varðar ábyrgðarsvið og starfsreglur sem gilda um framangreindar nefndir.

Ef við á athugi starfshópurinn hvort þörf sé á endurskoðun á eftirfarandi:

1. Ákvæði 2. gr. starfsreglna um úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar nr. 36/2022-2023, sbr. 7. mál 67. kirkjuþings 2025-2026.

2. Ákvæði 1. gr. og 5. gr. starfsreglna um meðferð mála og aðgerðir er varða einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni, ofbeldi, ámælisverða og refsiverða háttsemi innan þjóðkirkjunnar nr. 52/2022-2023, sbr. 15. og 16. mál 67. kirkjuþings 2025 - 2026.

Starfshópurinn skili skýrslu með tillögum sínum til kirkjuþings fyrir 1. febrúar 2026.

Ólafur Gestur Rafnsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Reykjavík, 27. október 2025.

Allsherjarnefnd.

Auður Thorberg Jónasdóttir, form.

Axel Árnason Njarðvík, varaform.

Áslaug Kristjánsdóttir

Benjamín Hrafn Böðvarsson

Jónína Rós Guðmundsdóttir

Ríkharður Ibsen

Rúnar Vilhjálmsson

Stefán Már Gunnlaugsson

Þuríður Björg Wium Árnadóttir